

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Eftir tillögum bæjarstjórnar Neskaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

1. Aðalbrautarréttur:

- a. Mýrargata.
- b. Sverristún.
- c. Miðstræti.
- d. Yzti hluti Melagötu.
- e. Aðalbrautarkerki í Vindheimi hefur verið flutt vestar á mörk Lögsagnarumdæmanna.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

2. Akreinaskipting:

Hafnarbraut í Víkinni er skipt í tvær akreinar, sú nyrðri akist í vestur, sú syðri í austur.

3. Bann við akstri:

- a. Akstur er bannaður á veginum norðan við síldarverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., öðrum en þeim, sem þangað eiga erindi.
- b. Bannaður er akstur af hafnaruppfyllingunni, að vestan, upp á Egilsbraut milli Nýja Kastala og íshússins.

4. Bann við stöðum ökutækja:

Bannað er að leggja ökutækjum við húsin nr. 5 og 7, nr. 6 og 8, 13 og 15 við Egilsbraut.

5. Gangbrautir:

Gangbraut er þvert yfir Hafnarbraut frá austanverðu húsinu nr. 1 við þá götu yfir á stéttina milli húsanna nr. 2 og 2 A.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 30. ágúst 1968.

Sigurður Egilsson.